

## **Reglur um niðurgreiðslu sveitarfélagsins Akrahrepps á daggæslu í heimahúsum og um foreldragreiðslur.**

1. Sveitarfélagið Akrahreppur greiðir niður dagvistun barna í heimahúsum þegar barnið á lögheimili í sveitarfélaginu og/eða foreldrar eru námsmenn með aðsetur í öðru sveitarfélagi og nýta sér daggæslu í heimahúsi þar.
2. Foreldrar geta sótt um foreldragreiðslur ef þeim stendur hvorki til boða pláss hjá dagforeldrum né í leikskóla eða þegar barnið getur ekki nýtt plássið af heilsufarsástæðum. Foreldragreiðslur eru greiddar eftir á, frá fyrstu mánaðamótum eftir að barn nær 9 mánaða aldri. Undantekningu má veita vegna barns einstæðra foreldra og barns foreldra sem báðir eru í fullu námi sem ekki nýtur 9 mánaða fæðingarorlofs, og þar til barninu stendur pláss í daggæslu/leikskóla til boða. Að hámarki eru greiðslurnar inntar af hendi í 11 mánuði á ári.
3. Upphæð niðurgreiðslu miðast við þann vistunartíma sem foreldrar kaupa í daggæslu, að hámarki 8 tíma daglega. Upphæð niðurgreiðslunnar fyrir foreldra sem eru giftir eða í sambúð er kr. 293- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 51.491- á mánuði og fyrir foreldra sem eru einstæðir eða báðir í námi er upphæðin kr. 368- fyrir hverja keypta klukkustund, að hámarki kr. 64.922- á mánuði. Foreldragreiðslur miðast við 8 tíma á dag, sbr. 3. gr. Foreldragreiðslur falla niður ef foreldrar hafna tilboði um daggæslu eða leikskólavist fyrir barn sitt. Ákvörðun um niðurfellingu er heimilt að skjóta til hreppsnefndar sem metur málefnalegar forsendur foreldra fyrir að hafna tilboði um gæslu/leikskólavist.
4. Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki leitað þeirra.

Samþykkt á hreppsnefndarfundi þann 31. janúar 2019